

# Fimleikadeild Stjórnunnar

## STJÓRNARFUNDUR FIMLEIKADEILDAR

### Fundargerð



**3. maí 2016, kl. 17:00**

Mætt: Ágústa J. Jóhannesdóttir formaður, Björt Baldvinsdóttir, Guðný Hansdóttir, Hanna Lóa Friðjónsdóttir, Hrafnhildur, Sóley Stefánsdóttir, Þórarinna Söebeck og Íris Rut Erlingsdóttir.

1. Rekstrarmál - greiningarvinna. Á fund stjórnar kom Auður Inga Þorsteinsdóttir sem unnið hefur greiningarvinnu á rekstrarstöðu deildarinnar og kynnti niðurstöður vinnunnar. Rætt um rými til umbóta og aðgerðir sem mikilvægt er að ráðast í.
2. Rekstrarstjóri. Ráðinn hefur verið nýr rekstrarstjóri fimleikadeildarinnar, Björt Baldvinsdóttir. Björt hefur staðgóða reynslu úr atvinnulífinu og þekkingu á verkefnastjórnun og rekstrarmálum. Hún hefur jafnframt þekkingu á fimleikum, en auk þess að hafa setið í stjórn fimleikadeildarinnar æfði hún fimleika hjá Stjórnunni á yngri árum, sinnti þjálfun og dómgæslu.
3. Þjálfaramál. Rætt um stöðu mála í ljósi skipulagsbreytinga í deildinni og þjálfaraþörf á haustönn.
4. Erindi frá foreldri tekið fyrir.
5. Önnur mál.
  - Vorsýning
  - Fimleikaþing - þátttakendur frá Stjórnunni.

***Fundi slitið kl. 21:15***